# FUNDARGERÐ

**229. fundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs**
**haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , mánudaginn 26. júní 2023**
**og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**
Eggert Valur Guðmundsson, Nanna Jónsdóttir, Tómas Birgir Magnússon, Valtýr Valtýsson, Hulda Karlsdóttir, Einar Bárðarson og Jón G. Valgeirsson.

**Fundargerð ritaði:** Hulda Karlsdóttir, .

**Dagskrá:**

1. **Rekstraryfirlit 2023 - 2302079**

   *Rekstraryfirlit janúar til maí 2023.*

   Rekstraryfirlit janúar til maí 2023 lagt fram til kynningar. Reksturinn fyrstu 5 mánuði ársins er í góðu jafnvægi.

2. **Ýmsar upplýsingar úr daglegum rekstri - 2101057**

   *Farið yfir ýmis rekstrarmál.*

   Einar Bárðarson framkvæmdastjóri fer yfir ýmis rekstrarmál skv. framlögðu minnisblaði. Stjórn samþykkir að framkvæmdastjóri skipuleggi ferð vegna hugsanlegra kaupa á notuðum söfnunarbíl.

3. **Starfsmannamál 2023 - Sorpstöðin - 2306040**

   *Trúnaðarmál*

   Farið yfir starfsmannamál.

4. **Urðun dýrahræja - 2302076**

   *Tillaga frá sveitarstjórn Rangárþings eystra.*

   Stjórn tekur vel í erindið en sér ekki fyrir sér að fara í sértæka söfnun á dýraleifum eins og staðan er núna. Söfnun dýraleifa er vandmeðfarin með tilliti til smitvarna og nær til að mynda starfsvæði Sorpstöðvarinnar yfir tvö búfjárveikivarnarhólf.

   Sorpstöðin er að taka þátt í tilraunaverkefni með Sorpu sem snýst um að taka á móti dýraleifum til frystingar og koma til viðeigandi eyðingar.

   Stjórn felur framkvæmdastjóra að skoða hugmyndir um fyrirkomulag söfnunar og áætla kostnað á ársgrundvelli sem yrði skoðaður við gerð fjárhagaáætlunar fyrir árið 2024.

TBM

5. **Fundargerðir Sorpstöðvar Suðurlands - 2203021**
Lagt fram til kynningar

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:00.**

Eggert Valur Guðmundsson

Nanna Jónsdóttir

Tómas Birgir Magnússon